


# Bekkjarnámskrá

## Grunnskóla Hornafjarðar

### 2023 - 2024



## 5. bekkur

## Efnisyfirlit

Lykilhæfni	3
Grunnþættir menntunar	4
Námsaðlögun	4
Leiðsagnarnám	4
Íslenska	6
Stærðfræði	15
Samfélagsgreinar	19
Landafræði	23
Saga	23
Lífsleikni	23
Náttúrufræði	24
Erlend tungumál	27
Enska	27
List- og verkgreinar	29
Tónmennt	29
Heimilisfræði	30
Hönnun og smíði	32
Textílmennt	32
Sjónlistir- Myndmennt	33
Upplýsinga- og tæknimennt	34
Nýsköðun og tölvur	34
Skólaíþróttir og sund	36
Íþróttir	36
Sund	37

## Lykilhæfni

Lykilhæfni skiptist í sex þætti, fimm eru lagðir til í Aðalnámskrá en þann sjötta leggur skólinn til í tengslum við uppeldi til ábyrgðar. Mikil áhersla er lögð á að vinna með lykilhæfnina og að matið á henni fari fram í nánu samstarfi nemenda, foreldra og kennara. Lykilhæfniþættirnir eru skilgreindir á hverju skólastigi fyrir sig og þannig gerðir aðgengilegir fyrir foreldra og nemendur. Lykilhæfnin felst ekki einungis í frammistöðu í tímum heldur einnig því hvernig nemendur standa sig í skólanum almennt, í félagslífi, frímínútum o.s.frv. Lykilhæfni þættirnir eru þessir:

Lykil hæfni	Ábyrgð og mat á eigin námi	Tjáning og miðlun	Sjálfstæði og samvinna	Skapandi og gagnrýnin hugsun	Nýting miðla og upplýsinga	Dugnaður og þrautseigja
<b>Skilgreining</b>	Hæfni nemanda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu. Það gerir hann með því að:	Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum. Það gerir hann með því að:	Hæfni til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn. Það gerir hann með því að:	Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýninni hugsun og röksemdafærslu. Það gerir hann með því að:	Hæfni nemanda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýninn hátt. Það gerir hann með því að:	Nemandi sýnir dugnað og þrautseigju með því að:
<b>Dæmi um markmið í 5. bekk</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>· Setja sér markmið í námi.</li> <li>· Meta stöðu sína.</li> <li>· Nýta tíma sinn vel.</li> <li>· Fylgja fyrirmælum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>· Taka þátt í samræðum.</li> <li>· Hlusta á aðra.</li> <li>· Tjá hugsanir sínar og skoðanir, munnlega, skriflega eða á annan hátt.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>· Leita lausna.</li> <li>· Sýna kurteisi í samskiptum.</li> <li>· Leggja sitt af mörkum í hópstarfi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>· Sýna frumkvæði.</li> <li>· Vera skapandi við vinnu og lausn verkefna.</li> <li>· Beita gagnrýninni hugsun.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>· Vinna úr upplýsingum.</li> <li>· Miðla upplýsingum til annarra.</li> <li>· Nýta sér mismunandi miðla.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>· Tekst á við krefjandi verkefni</li> </ul>

Skýringar á bókstöfum í lykilhæfni eru: **A= Gerir sitt allra besta. B= Gerir vel. C= Leggur sig þokkalega fram. D= Leggur sig lítið fram.**

## Grunnþættir menntunar

Í Aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta frá 2011 er kveðið á um sex grunnþætti menntunar sem skulu vera leiðarljós í almennri menntun og starfsháttum skóla. Þessir grunnþættir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Í Grunnskóla Hornafjarðar var þessum grunnþáttum fagnað því þeir styðja við stefnu skólans og efla starfsfólk í að vinna með þá þætti sem móta grunninn að skólabragnum. Þættir eins og uppeldi til ábyrgðar, heilsueflandi grunnskóli og umhverfisstefna skólans taki vel á þáttunum heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindum og sjálfbærni og jafnrétti. Grunnþættirnir styðja þannig við stefnu skólans og mikilvægt að vinna henni áfram brautargengi. Sköpunarþátturinn og læsiþátturinn njóta sín líka innan stefnu skólans en þeim er þó gert sérstaklega hátt undir höfði í einstaka greinum.

Sjá nánar á:

<https://namskra.is/books/adalnamskrarunnskola2011/almennmenntun/grunnthaettirmenntunar>

## Námsaðlögun

Í Grunnskóla Hornafjarðar er leitast við að mæta þörfum allra nemenda í námi. Það getur þýtt að bráðgerir námsmenn hafi tækifæri til að dýpka nám sitt og haldið áfram í námi og aðrir námsmenn fari hægar yfir og fái jafnvel meiri aðstoð. Í öllum tilvikum fá nemendur aðlagð námsefni að sínum þörfum. Ólíkir hæfileikar, áhugamál og þarfir nemenda kalla á ólíka nálgun.

## Leiðsagnarnám

Grunnskóli Hornafjarðar vinnur eftir hugmyndafræði leiðsagnarnáms og hefur það að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Leiðsagnarnám er hugtak sem er notað sem regnhlífarheiti yfir aðferðafræði Shirley Clarke sjá bækling um leiðsagnarnám frá Reykjavíkurborg (<https://nammedleidsogn.files.wordpress.com/2018/11/baeklingurleidsagnarnam.pdf>)

Tilgangur leiðsagnarnáms er að valdefla nemendur, svo þeir verði færir um að taka ábyrgð á eigin námi.

Leiðsagnarnám byggir á fimm stöðum sem saman leiða að jákvæðari námsmenningu þar sem mistök eru nýtt til framfara, markmið og viðmið að settu marki eru skýr og skipulag byggir á samræðum þar sem nemendur fá tækifæri til þess að tjá sig um námsefnið. Saman gegna þessar aðferðir því hlutverki að valdefla nemendur og gera þá virkari og ábyrgari í eigin námi. Leiðsagnarnám snýst fyrst og fremst um framfarir einstaklingsins. Nemendur fá stöðuga endurgjöf um náms sitt, hvaða framfarir hafa orðið ásamt ábendingum um hvernig hann getur bætt sig.

Stefnan er að leiðsagnarnám einkenni námsmenningu skólans og að verkfæri og aðferðir þess séu áberandi í öllum skólastofum.

Aðferðir leiðsagnarnáms eru raunprófaðar og rannsakaðar aðferðir sem reynst hafa áhrifaríkar til að bæta námsárangur (<https://visible-learning.org/hattie-ranking-influences-effect-sizes-learning-achievement/>)

## Íslenska

### Hæfniviðmið

Hæfniviðmið í íslensku eru sett fram í fjórum mismunandi flokkum, talað mál, hlustun og áhorf mynda þann fyrsta, síðan lestur og bókmenntir, þá ritun og að síðustu málfræði.

#### Talað mál og framsögn

Markmið er að nemandi:

- efli skýran og áheyrilegan framburð
- geti tjáð eigin skoðanir og tilfinningar
- vinni með og skilji að til eru ólíkar áherslur í lestri og tali, tónfalli, hrynjanda og fasi og þjálfist í að halda athygli áheyrenda
- taki þátt í samræðum og rökræðum
- þjálfist í að hlusta af athygli og í að greina aðalatriði
- þjálfist í að fjalla um myndefni og rafrænt efni á gagnrýnninn hátt
- geti átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi
- þjálfist í að vanda orðalag
- taki þátt í vikuhátíð

#### Lestur og bókmenntir

Markmið er að nemandi:

- þjálfist í að ná góðum lestrarhraða, lesfimi og lesi af skilningi
- notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta
- geti greint og fjallað um aðalatriði í texta og kynnist ólíkum aðferðum við lestur s.s. skimun, punktalestri, djúplestri og yndislestri
- lesi sér til ánægju og fróðleiks og þjálfist í að gera öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann
- fái ríkuleg tækifæri til að lesa gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum
- kynnist ólíkum frásagnarformum bókmennta eins og ævintýrum, þjóðsögum, spennusögum og ævisögum og kynnist fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap
- kynnist nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap
- þjálfist í að afla sér upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna
- þjálfist í að lesa úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær
- valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.

## Ritun í 5. bekk

Eftirfarandi verklag verður notað fyrir skipulag á ritun í 5. bekk.

<p><b>Uppsetning, skrift og frágangur</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>- Vera með spássíur</li><li>- Læsileg skrift</li><li>- Áhersla á réttitun</li><li>- Hafa lágstafi og hástafi í réttum hlutföllum og á réttum stöðum</li><li>- Kunna að nota greinamerki á réttan hátt</li></ul> <p>6 víddir + 1 (framsetning)</p>
<p><b>Upphaf og endir</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Frásögnin hafi titil.</li><li>• Upphaf: Persónur, staðsetning og/eða efni kynnt</li><li>• Gott er að nota h-in þrjú, hvar, hverjir, hvenær.</li><li>• Hvernig leysast málin</li><li>• Hvernig endar frásögnin</li><li>• Lokaorð: Rökréttur endir</li></ul>
<p><b>Málfar og stíll (frásögn)</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Fjölbreyttur orðaforði</li><li>• Vandað málfar</li><li>• Halda sig við sömu tíð</li><li>• Talmál/ritmál</li><li>• Réttar beygingar</li><li>• Halda sig við sama sjónarhorn (sömu persónu)</li><li>• Nota rétta orðaröð, setningaskipan, lengd setninga/málsgreina</li><li>• Lipur frásögn og lýtalaust mál</li><li>• Bygging setninga rétt</li><li>• Skipting í málsgreinar</li></ul> <p>6 víddir + 1 (orðaval)</p>
<p><b>Viðfangsefni og uppbygging</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>- Frásögn er rétt uppbyggð með upphafi, meginmáli og lokaorðum</li><li>- Meginmál: vel skipulagt, atburðarás eðlileg, gott flæði, augljós orsök og afleiðing</li><li>- Lipur frásögn og lýtalaust mál</li><li>- Kynnast notkun heimilda</li></ul> <p>6 víddir + 1 (setningaflæði og rithefðir) 6 víddir + 1 (skipulag og rödd) = bygging</p>
<p><b>Námsmat</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>- Að nemendur fái markvissa endurgjöf á verk sín með mismunandi áherslum í hvert sinn</li><li>- Jafningjamat</li><li>- Gátlistar</li><li>- Símat</li></ul> <p>Eftirtaldir fjórir þættir alltaf metnir í ritun en vægi hvers þáttar mismunandi eftir ritunarverkefnum:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Uppsetning, skrift og frágangur</li><li>• Byrjun og endir</li><li>• Málfar og stíll</li><li>• Viðfangsefni</li></ul>
<p><b>Viðmið í lok 5. bekkjar</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>- Skrifað læsilegan texta sem byggir á þeim markmiðum sem sett hafa verið hér að ofan</li><li>- Að nemendur geti skrifað að lágmarki 100 orða samfellda frásögn, ljóð eða annað sem er snyrtilega uppsett með stórum stöfum á viðeigandi stöðum.</li></ul>

### Ritun

Markmið er að nemandi:

- geti skrifað læsilega og af öryggi
- þjálfist í snyrtilegri uppsetningu og frágangi á ólíkum textum
- þjálfist í notkun hjálpartækja við ritsmíð, s.s. orðabók
- þjálfist í að vinna með ólíkar textategundir, skipuleggja og orða texta á þann hátt sem hæfir tilefni
- fái fjölbreytt tækifæri til að semja eigin texta og tjá þannig hugmyndir sínar og reynslu
- þjálfist í að kynna textasmíð sína s.s. með upplestri
- þjálfist í að beita helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar
- læri regluna um y-i / ý-í
- læri regluna um j (aldrei j á undan í nema uppruni heimti það)
- læri regluna um greinamerki og skiptingu samsettra orða milli lína
- þjálfist í að skoða sérkenni ólíkra texta og geti bent á þau
- þjálfist í að skrifa texta á tölvu og læri að beita nokkrum aðgerðum í ritvinnslu (forsíða, vísa til heimilda, leturstærð, o.s.frv.)
- þjálfist í að skrifa texta fyrir ákveðinn markhóp

### Málfræði

Markmið er að nemandi:

- efli orðaforða og orðaskilning
- vinni með móðurmálið og rækti með sér áhuga á því og vitund um málkunnáttu
- þjálfist í að nýta sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun og stafsetningu
- þjálfist í að fletta upp orðum í stafrófsröð og nýti sér upplýsingar í orðabókum og öðrum gagnamiðlum
- þekki orðflokkanafnorð, sagnorð, lýsingarorð og kynnist beygingarformdeildum þeirra og æfist í að fallbeygja
- þekki og geti unnið með eintölu og fleirtölu, nútíð og þátíð
- kynnist stigbreytingu og kynbeygingu lýsingarorða
- þekki mun samnafna og sérnafna og kyn orða og geti nýtt sér þá þekkingu í stafsetningu
- leiki sér með orðtök og málshætti
- leiki sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt, t.d. með nýyrðasmíði og orðaleikjum, og efli þannig málvitund, áhuga og jákvætt viðhorf gagnvart íslensku
- æfist í að yfirfæra málfræðiþekkingu sína og noti sér hana í tungumálanámi



## Lestraráætlun fyrir 5. bekk

Viðmið um árangur eru **90-160 orð á mínútu** við lok skólaárs.

	Hvað	Hverjir	Viðbót	Tímabil	Mat	Markmið
Allir	Lesna heima og í skóla daglega	Umsjónarkennari Foreldrar	Lestrarvinir Stuðningsfulltrúi	25. ág. – 1. júní	<b>Lesfimi:</b> A-próf í september og maí. B-próf í janúar. <b>Hliðarpróf</b> <b>Nefnuhraði:</b> janúar <b>Sjónrænn orðaforði:</b> september, janúar, maí. <b>Orðleysupróf:</b> a.m.k. 1x á ári. Matsrammi fyrir lestrarlag, MMS	Auka leshraða og skilning. Aukinn orðaforði
Allir	Yndislestur	Umsjónarkennari		25. ág. – 1. júní		Auka ánægju af lestri, leshraða, skilning og orðaforða.
Allir	Samlestur	Umsjónarkennari		25. ág. – 1. júní		Auka leshraða, skilning og orðaforða.
Allir	Pals	Umsjónarkennari	Notað í öðrum fögum líka	Jan. - mars	Lesskilningspróf í nóv. Orðarún feb. og maí	Auka leshraða og skilning. Aukinn orðaforði.
Allir	Mínútspjöld (10 dagar)	Umsjónarkennari		1x á skólaárinu	Raddlestrarpróf	Auka leshraða

Allir	Lestraráttak (tvær vikur)	Umsjónarkennari		19.-30. okt 5. – 20. apríl. Sameiginlega í bæði skiptin.	Raddlestrarpróf	Auka leshraða og skilning
Allir	Lesið fyrir börnin	Umsjónarkennari	Bókasafnstímar	25.ág – 1. júní		Efla áhuga, hlustunarskilning og orðaforða
Allir	Framsögn	Umsjónarkennari/ leiklistarkennari			Framsagnarmat	Efla færni nemenda í að lesa upphátt – Tjáning og miðlun
Allir	Lestrarkassinn	Umsjónarkennari		Reglulega yfir skólaárið	Lesskilningspróf í nóv. Orðarún feb. og maí	Auka skilning og orðaforða
Allir	Stafsetning (10-15 orð á viku)	Umsjónarkennari			Stafsetningarpróf	Bæta stafsetningu
Allir	Ritun (a.m.k. ein ritun á viku) Nýta matsviðmiðin úr samræmduprófunum.	Umsjónarkennari			Ritunarpróf – Matsviðmið sambærileg þeim sem eru notuð í samræmdum prófum	Bæta ritun
Allir	Hugtök	Allir kennarar	Gera hugtök sýnileg í skólastofunni	25. ág. – 1. júní	Námsmat almennt	Efla málskilning og orðaforða

Hliðarpróf Lesferils (nefnuhraði, sjónrænn orðaforði, orðleysur) eru lögð fyrir eftir þörfum til að skoða nánar hvernig lestrarfærni nemandans er háttað, hvar styrkleikar og hugsanlegir veikleikar liggja.

**5.bekkur – vinna með lesskilning**

	Hvað	Hverjir	Tímabil	Mat
Allir	Hlustunar og lesskilningur (sögukort bls.99-100) Að greina aðalatriði (140-152).	Umsjónarkennari	Allt skólaárið	Umræður, endursögn, úrdráttur, forspá, ályktunarhæfni, beinar og opnar spurningar
Allir	Orðavinna (bls.123-126)	Umsjónarkennari	Allt skólaárið	Virkni og þátttaka
Allir	„Ekki finnast svör við öllum spurningum“ (bls.137-138)	Umsjónarkennari	Allt skólaárið	Virkni og þátttaka
Allir	Spurningavefur (bls. 139-140)	Umsjónarkennari	Allt skólaárið	Verkefni/kort
Allir	Að lesa, skrifa og spjall (bls. 129-131)	Umsjónarkennari	Allt skólaárið	Virkni og þátttaka
Allir	Kann – vill vita – hef lært (bls.186-195)	Allir kennarar	Allt skólaárið	Verkefnablöð/bækur, virkni, þátttaka

Blaðsíðutöl vísa til bókarinnar Eflum lesskilning eftir Bergljótu Vilhelmínu Jónsdóttur.

## Ritun í 5. bekk

Eftirfarandi verklag verður notað fyrir skipulag á ritun í 5. bekk.

### Uppsetning, skrift og frágangur

- Vera með spássíur
- Læsileg skrift
- Áhersla á réttitun
- Hafa lágstafi og hástafi í réttum hlutföllum og á réttum stöðum
- Kunna að nota greinamerki á réttan hátt
- 6 víddir + 1 (framsetning)

### Upphaf og endir

- Frásögnin hafi titil.
- Upphaf: Persónur, staðsetning og/eða efni kynnt
- Gott er að nota h-in þrjú, hvar, hverjir, hvenær.
- Hvernig leysast málin
- Hvernig endar frásögnin
- Lokaorð: Rökréttur endir

### Málfar og stíll (frásögn)

- Fjölbreyttur orðaforði
- Vandað málfar
- Halda sig við sömu tíð
- Talmál/ritmál
- Réttar beygingar
- Halda sig við sama sjónarhorn (sömu persónu)
- Nota rétta orðaröð, setningaskipan, lengd setninga/málsgreina
- Lipur frásögn og lýtalaust mál
- Bygging setninga rétt
- Skipting í málsgreinar
- 6 víddir + 1 (orðaval)

### Viðfangsefni og uppbygging

- Frásögn er rétt uppbyggð með upphafi, meginmáli og lokaorðum
- Meginmál: vel skipulagt, atburðarás eðlileg, gott flæði, augljós orsök og afleiðing
- Lipur frásögn og lýtalaust mál
- Kynnast notkun heimilda
- 6 víddir + 1 (setningaflæði og rithefðir)
- 6 víddir + 1 (skipulag og rödd) = bygging

### Námsmat

- Að nemendur fái markvissa endurgjöf á verk sín með mismunandi áherslum í hvert sinn
- Jafningjamat
- Gátlistar
- Símat

Eftirtaldir fjórir þættir alltaf metnir í ritun en vægi hvers þáttar mismunandi eftir ritunarverkefnum:

- Uppsetning, skrift og frágangur
- Byrjun og endir
- Málfar og stíll
- Viðfangsefni

### **Viðmið í lok 5. bekkjar**

**Að nemendur geti skrifað læsilegan texta sem byggir á þeim markmiðum sem sett hafa verið hér að ofan.**

**Að nemendur geti skrifað að lágmarki 100 orða samfellda frásögn, ljóð eða annað sem er snyrtilega uppsett með stórum stöfum á viðeigandi stöðum.**

## **Leiðir**

Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og mikilvægi heildstæðs íslenskunáms þar sem hver þáttur námsins styrkir við aðra þætti. Með fjölbreyttum kennsluháttum er m.a. átt við innlagnir, umræður, þemavinnu, söguramma, hópastarf, einstaklingsvinnu, verkefnavinnu og fleira. Kennsluaðferðir og vinnubrögð í skólanum eiga að taka mið af þeim hæfniviðmiðum sem stefnt er að og einnig þeirri skyldu grunnskóla að sjá hverjum nemanda fyrir bestu tækifærum til náms og þroska.

### **Talað mál, hlustun og áhorf**

Að nemendur fái tækifæri til að tjá sig, segja frá eigin reynslu, endursegja og lesa upp eigin texta og annarra. Nemendur eru hvattir til að tala skýrt og áheyrilega og segja skipulega frá t.d. þegar þeir kynna vinnu sína fyrir bekkjarfélögum. Mikilvægt að nemendur taki þátt í stuttum leikþáttum og söngatriðum t.d. á vikuhátíðum. Að nemendum sé gerð grein fyrir þeim reglum sem gilda þegar margir vilja tjá sig og æfi sig í að fara eftir þeim. Nemendur æfi sig í að hlusta á upplestur á sögum og ljóðum og sýna flytjendum tillitssemi, hvort sem er inn í kennslustofunni eða á öðrum viðburðum á vegum skólans. Einnig verða lögð fyrir nemendur hlustunarverkefni sem reyna á athygli og getu þeirra til að draga ályktanir.

### **Lestur og bókmenntir**

Áfram er lögð mikil áhersla á að auka lestrarhraða og lesskilning. Nemendur lesa á hverjum degi, bæði í skólanum og heima. Nemandi getur valið sér bók á bókasafni eða komið með að heiman. Yndislestur tengist þessum bókum þá lesa nemendur í hljóði í

10-15 mín. Unnið markvisst með gagnvirkum lestur, hugtakakort, bergmálslestur, kórlestur, vinallestur, lesfimi, orðaforða og lesskilning.

Daglega er lesið fyrir nemendur þeim til skemmtunar og fróðleiks. Nemendur hafa greiðan aðgang að bókum við sitt hæfi í skólastofunni sem þeir geta skoðað og lesið. Nemendur eiga fasta tíma á bókasafninu og geta valið sér bók til að lesa í heima eða í skólanum.

Nemendur vinna á fjölbreyttan hátt með ljóð og semja einnig sín eigin ljóð. Hægt er að vinna þetta í samvinnu við tónmenntakennara. Unnið er með ýmsar sögugerðir t.d. þjóðsögur og ævintýri bæði sem tengjast Hornafirði og önnur þar sem nemendur geta endursagt sögunnar í máli og myndum. Nemendur læra um uppbyggingu frásagna þ.e. upphaf, miðju og endi.

Lesnar eru a.m.k. tvær bækur sameiginlega yfir veturinn, ein að hausti og önnur að vori. Nemendur vinna ritgerð eða verkefni í tengslum við bækurnar. Hægt er t.d. að kennari skipti köflunum á nemendur og hver nemandi þarf að segja frá sínum kafla/köflum og nemendur meta frammistöðu samnemenda sinna (jafningjamat).

Lestaráttök eru tvö yfir veturinn, eitt að hausti og vori. Lestaráttök eru miðuð við hæfi hvers og eins.

**Heimalestur:** Samkvæmt lestrarstefnu Grunnskóla Hornafjarðar eiga nemendur að lesa heima daglega í a.m.k. 10-15 mínútur upphátt og í hljóði. Nemendur í 5. bekk eiga að geta lesið 90-160 orð á mínútu. Foreldrar/forráðamenn kvitta fyrir heimalesturinn á þar til gerð blöð.

Mikilvægt er að viðhalda þessum leshraða með góðri æfingu. Allar mælingar sýna að nemendum hrakar í lestri ef engin er æfingin.

### **Ritun**

Nemendur skrifa eftir forskrift, áhersla er lögð á að draga rétt til stafs, að nemendur haldi rétt á skriffærinu og vandi vinnubrögð sín. Áhersla er lögð á ritun frásagna og skapandi sögugerð þar sem nemendur fá þjálfun í að tjá hugsanir sínar og segja frá atburðum úr eigin lífi og öðrum atburðum í skrifuðu máli. Nemendur lesa sögur og þurfa að skrifa ritun út frá efni sögunnar. Í lok skólaárs er stefnt að því að nemendur geti skrifað 150-200 orða sögu. Lögð er áhersla á réttritun og helstu stafsetningarreglur þjálfaðar með greinamerkjasetningu. Einnig verða ritunarverkefni unnin í tölvu.

### **Málfræði**

Lögð er áhersla á fjölbreytta verkefnavinnu sem miðar öll að því að efla almenna þekkingu og tilfinningu nemenda fyrir móðurmálinu.

### **Námsmat**

Skýrt skal vera í upphafi hvernar annar hver markmiðin eru og hvernig skal meta þau. Ýmist er um hefðbundin próf að ræða eða fjölbreytt verkefnaskil, verkefnabækur, símat, munnleg próf, jafningjamat, sjálfsmat o.fl.

Lesskilningsprófið Orðarún lagt fyrir tvisvar á ári. Lesfimiþróf eru lögð fyrir þrisvar yfir árið.

**Lestrarviðmið:** Í 5. bekk ætti nemandi að geta lesið 90-160 orð á mínútu.

### Tillögur að námsefni

Grunnefni

- Orðspor 1 með vinnubók
- Söguskinna
- Smellur 1
- Ljóð handa börnum
- Skræða (lesbók og vinnubók 1 og 2)
- Vandamálið – Þetta er málið, (lesbók, vinnubók 1 og 2)
- Mál til komið, Grunnbók og vinnubók
- Málrækt 1
- Óskasteinn (lesbók með verkefnum)
- Blákápa og verkefni
- Röndóttir spóar ásamt verkefnahefti
- Litli landneminn ásamt verkefni
- Ævintýraheimur H.C Andersen (lesskilningsverkefni)
- Heimalestrarbækur og vinnubækur samkvæmt leslista skólans
- Mínútan
- Orðaskyggir
- Verkefni við réttitunarorðabók (vinnuhefti 1,2,3)
- Stafsetning eftir Árna Þórðarson og Gunnar Guðmundsson
- Stafur á bók eftir Rósu Eggertsdóttur
- Hlusta, sjá og skrifa, hugmyndabæklingur um stafsetningarkennslu
- Skrift 5
- Góður betri bestur skriftarefni

Ítarefni

- Ritunarbókin
- Sex víddir ritunar
- Ritbjörg
- Skrifað í skrefum- ferilsritun
- Vísnaverkefi Ragnar Ingi Aðalsteinsson

### Vefefni

<http://www.mms.is>

<http://www.skolavefurinn.is>

<http://www.123skoli.is>

### Smáforrit

Bitsboard, Book creator.

## Stærðfræði

### Hæfniviðmið

Hæfniviðmiðin eru sett fram í sjö flokkum. Fyrstu þrjú flokkarnir eru almenn viðmið um stærðfræðilega hæfni og fjórir flokkar snúa að hæfni á ólíkum sviðum

stærðfræðinnar. Þó viðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild (Aðalnámskrá grunnskóla bls. 210).

### **Að geta spurt og svarað með stærðfræði**

Við lok 5. bekkjar getur nemandi:

- spurt, tjáð sig munnlega og skriflega um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði og getur sagt til um hvers konar svara vænta má,
- leyst stærðfræðiþrautir/orðadæmi um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á fyrri reynslu og þekkingu,
- sett fram, meðhöndlað, túlkað og greint einföld reiknilíkön, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi,
- sett fram óformleg stærðfræðileg rök, skilið og metið munnlegar og skriflegar röksemdir sem settar eru fram af öðrum.

### **Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar**

Við lok 5. bekkjar getur nemandi:

- notað óformlega framsetningu (myndmál, frásögn, texta) annars vegar og táknmál stærðfræðinnar hins vegar og sýnt að hann skilur innbyrðis tengsl þeirra,
- túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, tölur og aðgerðamerki og túlkað milli táknmáls og daglegs máls,
- sett sig inn í og tjáð sig, bæði munnlega og skriflega, um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna,
- valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.

### **Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar**

Við lok 5. bekkjar getur nemandi:

- tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnarleiðir, með því m.a. að nota skráningu með tölum, texta og teikningum,
- rannsakað, sett fram á skipulegan hátt og rökrætt stærðfræðilega með því m.a. að nota hlutbundin gögn, skráningu og upplýsingatækni,
- lesið einfaldan, fræðilegan texta og notað upplýsingar þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir,
- undirbúið og flutt stuttar kynningar á eigin vinnu um stærðfræði,
- unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda,
- tekist á við verkefni í tengslum við fjármál úr umhverfinu eða samfélaginum þar sem þarf að afla upplýsinga, vinna úr þeim og finna lausn.



## Tölur og reikningur

Við lok 5. bekkjar getur nemandi:

- notað heilar tölur, raðað þeim og borið saman,
- notað tugakerfisrithátt,
- stytt og lengt almenn brot og áttað sig á því að við það koma fram ólík heiti sömu tölu,
- breytt tugabrotum með einum aukastaf í almenn brot og einföldum almennum brotum í tugabrot, s.s.  $\frac{1}{2}$ ,  $\frac{1}{5}$  og  $\frac{1}{10}$ ,
- áttað sig á helmingi og fjórðungi sem almenn brot, tugabrot, prósentur,
- fundið 1%, 10% og 50% af heilum hundruðum,
- reiknað einföld prósentudæmi,
- lagt saman og fundið mun tveggja samnefndra brota með hlutbundnum og óhlutbundnum hætti,
- notað neikvæðar tölur í einföldum dæmum þar sem notast er við hlutbundin gögn,
- margfaldað og deilt í huganum innan  $10 \times 10$  margföldunartöflunnar,
- margfaldað og deilt með náttúrulegum tölum undir 100,
- áttað sig á tölunni 0 sem hlutleysu í samlagningu og sérstöðu hennar í margföldun og frádrætti,
- reiknað (samlagningar-, frádráttar-, margföldunar- og deilingardæmi) með náttúrulegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt,
- tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við reikning sem byggja á eigin skilningi,
- leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum,
- notfært sér andhverfar reikniaðgerðir til að prófa svör í útreikningum.

## Algebra

Við lok 5. bekkjar getur nemandi:

- rannsakað og sett fram talnamynstur á skipulegan hátt, lýst mynstrum og venslum með tölum, myndum og orðum,
- notað eyður fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum og jöfnum,
- gert sér grein fyrir að víxla má tölum í samlagningu og margföldun en ekki í deilingu og frádrætti, gjarnan með aðstoð reiknivélar.

## Rúmfræði og mælingar

Við lok 5. bekkjar getur nemandi:

- greint helstu hugtök hnitakerfis og unnið með hnit í fyrsta fjórðungi þess,
- notað hugtökin radíus (geisli) og þvermál og vitað að hringur er  $360^\circ$ ,
- búið til einfaldar flatarmyndir og þrívíða hluti út frá gefnum upplýsingum og notað rétt hugtök,
- unnið með einfaldar hliðranir, snúning og speglun um ás,
- fundið samhverfuás í tvívíðum og þrívíðum myndum,
- útskýrt hugtökin teningur, réttstrendingur, kúla, sívalningur, keila og píramídi úr þrívíðri rúmfræði,

- áætlað ummál í raunverulegum aðstæðum og rannsakað aðferðir til að reikna það,
- fylgt leið á korti eftir leiðbeiningum og leiti að stöðum á landakorti út frá upplýsingum um staðsetningu,
- valið heppileg mælitæki og einingar til að mæla lengd,
- gert lengdar- og þyngdarmælingar, útskýrt og unnið með algengustu einingar metrakerfisins,
- notað  $\text{cm}^2$  rúðunet til að ákvarða flatarmál og sannreynt þannig ágiskanir
- notað  $\text{cm}^3$  einingakubba til að ákvarða rúmmál,
- reiknað á milli sekúndna, mínútna, klukkustunda, daga og ára. Lesið upplýsingar úr samgönguáætlunum,
- teiknað rétt horn, hvasst horn og gleitt horn,
- rannsakað og gert tilraunir í rúmfræði með því að nota tölur og hlutbundin gögn,
- greint helstu hugtök hnitakerfis og unnið með hnit í fyrsta fjórðungi þess,
- tengt tölur og útreikninga við flatarmyndir og þrívíða hluti.

### Tölfræði og líkindi

Við lok 5. bekkjar getur nemandi:

- safnað gögnum, flokkað þau eftir tíðni og valið myndræna framsetningu,
- notað hugtökin tíðni, meðaltal, miðgildi og tíðasta gildi,
- gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim,
- sótt gögn í gagnabanka og sett upp í myndrit,
- lesið og útskýrt gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum,
- dregið ályktanir um líkur út frá einföldu gefnu gagnasafni.

### Leiðir

Í stærðfræðináminu er mikilvægt að viðhafa fjölbreyttar kennsluáferðir. Áhersla er á að nemendur öðlist hæfni í stærðfræði og að þeim séu skapaðar aðstæður til merkingarbærs stærðfræðináms. Þar sem nemendur eru virkir þátttakendur í námi sínu t.d. með rannsóknum sem tengjast þeirra eigin daglega lífi og umhverfi. Þannig verða viðfangsefnið verðug og áhugaverð fyrir nemendur og þeir geta átt samskipti um stærðfræði. Með þessu fá nemendur tækifæri til þess að nota þá þekkingu sem þeir búa yfir og þróa með sér dýpri skilning á stærðfræðinni. Nemendur vinna ýmist einir eða saman og taka tillit hver til annars. Áhersla er lögð á nákvæmni þannig að hver og einn geti gert grein fyrir aðferðum sínum við lausn verkefna og þrauta, skráð lausnarferlið á skipulegan hátt og fært munnlega rök fyrir máli sínu. Mikilvægt er að hver og einn nemandi fái tækifæri til þess að vinna að verkefnum sem hafa hans getu og að þeim hæfniviðmiðum sem henta honum þó að námpættirnir séu þeir sömu innan nemendahópsins. Þannig er stuðlað að einstaklingsmiðun í stærðfræðikennslunni. Á miðstigi er auk þess lögð áhersla á að nemendur efli með sér hugarreikning og þjálfist í reikniðaðgerðum og læri margföldunartöflurnar utanbókar. Einnig er lögð áhersla á að

nemendur fá tækifæri til þess að nýta sér tölvutækni til þess að leysa verkefni og efla þar með skilning sinn á stærðfræðinni.

## Námsmat

Mat á hæfni og framförum nemenda er órjúfanlegur þáttur frá námi og kennslu í stærðfræði. Það er afar mikilvægt að fylgjast með hvernig nemendum tekst að ná þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram hverju sinni og í framhaldi af því að leiðbeina nemendum um áframhaldandi nám.

Í upphafi hvernar annar eru sett fram hæfniviðmið og vægi námsþátta sem unnið verður að á önninni, þannig ætti nemendum að vera fullljóst að hverju beri að stefna, hvað verði mælt og hvernig verði metið.

Áhersla er lögð á fjölbreytni í námsmati þar sem notast er við munnleg, verkleg og skrifleg verkefni, sjálfsmat, einstaklingsverkefni, hópverkefni, próf o.fl..

## Tillögur að námsefni

Grunnefni	Stika 1a nemendabók og æfingahefti Stika 1b nemendabók og æfingahefti
Ítarefni	Geisli 1a Geisli 1b Verkefnablöð með Geisla Hringur 1 samlagning og frádráttur Hringur 1 margföldun og deiling Hringur 1 brot Töfrar - þemahefti Mynstur - þemahefti Dýr í Afríku - þemahefti Stjörnubækur Ýmis hefti með dæmum og þrautum Námsmatsverkefni
Vefefni og forrit	mms.is

## Samfélagsgreinar

### Hæfniviðmið

Í Aðalnámskrá fyrir grunnskóla hafa greinar verið settar saman og í stað þess að ræða um sögu, landafræði, lífsleikni o.s.frv. hafa verið sett upp hæfniviðmið sem vinna á með nemendum út frá því sem talið er mikilvægast fyrir þá að tekið verði fyrir. Hæfniviðmiðunum er skipt upp í þrennt og markast skiptingin af því hvert viðfangsefni markmiðanna er en viðfangsefnin eru reynsluheimur nemenda, hugarheimur og félagsheimur. Megnið af hæfniviðmiðunum í hugarheiminum og félagsheiminum eru þess eðlis að unnið er með þau öll á hverju ári í 5. – 7. bekk og einnig hluta af reynsluheiminum. Því er tekist á við mörg hæfniviðmið á hverju ári en þar sem vinna í samfélagsgreinum snýst að miklu leyti um að vinna með viðhorf nemenda þá er

mikilvægt að vinna oft með sama hlutinn, fremur en ræða hann einu sinni eða tvisvar og telja hann síðan afgreiddan.

### **Félagsheimur: Samskipti**

*Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.*

Við lok 5. bekkjar getur nemandi:

- tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu,
- borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta,
- metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt,
- rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga,
- tekið þátt í samræðum um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur, sýnt ábyrgð í samskiptum og átti sig á réttindum sínum samkvæmt alþjóðasáttmálum,
- tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn og í samstarfi við aðra,
- nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og rætt áhrif staðalímynda,
- sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra,
- rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra,
- rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum,
- tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt,
- sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.

### **Hugarheimur: Sjálfsmynd**

*Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum.*

Við lok 5. bekkjar getur nemandi:

- lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu,
- lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund,
- áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast,
- gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum,
- vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda, hvernig vinna megi með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt,
- lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun,
- tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti,
- metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra,

- gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess,
- sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum,
- sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni.

### **Reynsluheimur - Umhverfi, samfélag, saga, menning**

*Hæfni nemanda til að skilja veruleikann*

Við lok 5. bekkjar getur nemandi:

- kynnst skaftfellskri náttúru
- áttað sig á því að náttúruöflin eru stöðugt að mynda og móta landið
- lært um gildi þess að ganga vel um náttúruna
- eflt ábyrgðartilfinningu gagnvart náttúru og umhverfi
- aukið orðaforða sinn í tengslum við hugtök úr ríki náttúrunnar
- þekkt skaftfellskar þjóðsögur og geti lesið úr þeim fróðleik um líf og störf sýslubúa fyrir á öldum og jafnframt aukið skilning þeirra á aðstæðum fólksins í landinu
- borið aðstæður fólks fyrir á öldum við aðstæður fólks nú á tímum
- þekkt sögu fólksins sem átt hefur heima í Austur-Skaftafellssýslu og áhrif náttúruaflanna á lífsafkomu þess
- þekkt hvernig náttúruöflin hafa mótað landslag í sýslunni og í framhaldi af því áhrif veðrunar á landmótun
- farið eftir reglum, í leik eða starfi, einir eða með öðrum
- eflt félagstengsl
- haft gaman
- gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa,
- aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum
- dregið upp mynd af afmörkuðum efnisþáttum stórrar og smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægjar.
- skýrt tengsl samfélags-, náttúru-, trúar- og lífsviðhorfa fyrir og nú
- greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu, menningu og félagsstarf
- lýst náttúrferlum sem hafa áhrif á land og gróður
- áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði
- notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga
- lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi
- sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti, umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi,
- sýnt fram á skilning á kostnaði eigin neyslu og sé læs á þau áhrif sem ýmis tilboð og auglýsingar hafa á eigin neyslu og á samfélagið,
- séð gildi slysavarna og viðbragða við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni.

## Leiðir

Samfélagsgreinar eru oft samþættar bæði náttúrufræði og íslensku. Einnig er reiknað með að kennsla á tæknibúnað s.s. spjaltdölvur og tölvur fari fram í samfélagsfræðitímum því að snjalltæki og önnur tækni er mikið notuð í kennslu greinanna.

Lögð er áhersla á hópvinnu en með henni má nálgast ýmis markmið samfélagsgreina í gegnum samræður og samvinnuverkefni sem ala síðan af sér samkennd og skilning. Leitaraðferðir henta vel til að kynna nemendum vísindaleg vinnubrögð og veita þeim þjálfun í að afla upplýsinga og vinna úr þeim með skipulögðum hætti. Í handbókinni *Litróf kennsluafurðanna* eftir Ingvar Sigurgeirsson má finna margar góðar tillögur að leiðum. Söguaðferðin er ein af þeim aðferðum sem helst hefur verið notuð í skólanum en ákveðnir rammar fylgja hverjum árgangi sem tengjast kennsluefni og markmiðum þess árgangs en söguaðferðin tengist líka sérstöðu skólans t.a.m. í gegnum vettvangsferðir og með henni er auðvelt að nýta upplýsingatækni. Mikilvægt er að þjálfarar nemendur í að afla sér upplýsinga, vinna með þær, gera þær að sínum og miðla síðan til annarra. Samþætting við aðrar námsgreinar s.s. náttúrufræði og íslensku er hentug. Bekkjafundir vikulega þar sem nemendur þjálfast í að ræða málefni sem tengjast þeim sjálfum, námi þeirra, samskiptum og því hvernig skóla þeir vilja hafa.

### Námsferðir sem nemendur í 5. bekk fara í og tengjast samfélagsgreinum:

- gönguferð að hausti
- Ingólfshöfði að vori og er unnið þema fyrir ferðina sem er samþætt með náttúrufræði og íslensku
- Suðursveit, að hausti er farið í tveggja daga námsferð þar sem gengið er inn að Brúsaelli og fyrsta fossi í Mjósundaglúfri, þaðan að Fellsfossi. Farið er á Hala, safnið skoðað, fiskeldið og farið í ratleik.
  - Mætti leggja áherslu sögu, bókmenntir og náttúrufræði við undirbúning ferðarinnar. Gist er á Hrollaugstöðum.

## Námsmat

Kennsla, nám og námsmat mynda eina heild og mikilvægt að nemandi fái reglulega að vita um stöðu sína í náminu í samræmi við námskrá, hæfniviðmið og viðfangsefni nemenda. Mikilvægt er að námsmatið sé fjölbreytt og gefi heildstæða mynd af hæfni nemandans. Það þarf að vera sanngjarnt og sýna þekkingu, leikni og hæfni nemandans. Megintilgangur er að kanna stöðu nemenda, nota það til að leiðbeina þeim um námið til að ná markmiðum þess. Metið er á þann hátt að niðurstöður nýtist sem best nemendum, kennurum og foreldrum.

Lögð er áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir og matsgögn sem fyrst og fremst byggja á markmiðum lykilhæfni og haldið er til haga í ferilmöppu nemanda.

**Sjálfbærni** er eitt af þeim hugtökum sem unnið er markvisst með í tengslum við samfélagsgreinar, þá sérstaklega landafræði og lífsleikni. Hugtakið felur helst í sér að skila jörðinni til næstu kynslóðar á sem byggilegastan hátt. Til þess þurfum við að vekja

nemendur til umhugsunar um lifnaðarhætti okkar með gagnrýnum augum, hvað við getum gert betur, og að lítil skref hafa áhrif til góðs.

## Landafræði

Í landafræði má taka fyrir söguramman Náttúrufrýrbæri á Íslandi. Þar vinna nemendur með landafræði Íslands. Landinu er skipt á milli nemenda sem vinna að því að kynna sér alla markverðustu staði þess landsvæðis, einkenni þess í gróður- og veðurfari, mannlíf og byggðarmyndun með það að markmiði að kynna það landsvæði fyrir ferðamönnum.

### Tillögur að námsefni

*Ísland - Hér búum við* Höf: Hilmar Egill Sveinbjörnsson

Náttúrufrýrbæri á Íslandi – sögurammi

Valin verkefni úr Vatnajökulsrammanum

*Kortabók fyrir grunnskóla*

### Ítarefni

*Landshorna á milli* – eftir Torfa Hjartarson. Kennslubók í landafræði. Vinnuhefti fylgir auk stórra korta af landshlutum.

*Land og líf* – eftir Torfa Hjartarson. Tvær bækur – í fyrri bókinni er fjallað um myndun landsins og mótun. Í seinni bókinni er fjallað um landshlutana og leitast við að gefa nokkra mynd af staðháttum, atvinnulífi, byggð og helstu kennileitum.

## Saga

Nemendur vinna á fjölbreyttan hátt með sögu landnámsins allt frá brottflutningi landnema frá Noregi og að stofnun alþingis á Þingvöllum árið 930.

Vinna með sögur og atburði tengda nærsamfélaginu og sérstöðu þess.

### Tillögur að námsefni

Landnám Íslands – sögurammi

*Litlu landnemarnir*. Höf: Iðunn Steinsdóttir

*Víkingsöld – Árin 800 – 1050*. Höf: Sigrún Helgadóttir

*Frá Róm til Þingvalla*. Höf: Helgi Skúli Kjartansson

### Ítarefni

*Leifur Eiríksson – Á ferð með Leifi heppna*.

Leifur heppni. Fræðsluefni á vef Námsgagnastofnunar. Einnig er þar aðgengileg 14 mín. teiknimynd.

*Óðinn og bræður hans – Heimur verður til*, eftir Iðunni Steinsdóttur.

*Lífið í Ásgarði – Gullnar töflur í grasi*, eftir Iðunni Steinsdóttur.

*Æsir á fljúgandi ferð – Hefnd Loka*, eftir Iðunni Steinsdóttur

## Lífsleikni

Í lífsleikni er unnið eftir Uppeldi til ábyrgðar þar sem byrjað er á að vinna verkefni sem eru listuð í 6 vikna áætlun í *Verkfærakistunni*. Samskipti og félagshæfni eru stór

hluti þess að vera í samfélagi við aðra og eru þessir þættir eru þjálfaðir og æfðir samkvæmt verkferlum frá KVAN sem er að finna inn á sameign.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna kveða á um ýmsa þætti sem tengjast mannréttindum og jafnrétti sem lífsleiknikennsla í skólum vinnur með.

Bekkjarfundi er nauðsynlegt að hafa reglulega og meðvitað með nemendum. Tillögur að fyrirkomulagi fyrir slíkra fundi má finna í KVAN verkefnabanka.

Vinna þarf að forvörnum en þær felast í þáttum eins og:

- heilbrigðum lífsstíl
- uppeldi til ábyrgðar
- geðrækt
- einelti /heilbrigði
- hreyfing
- svefn
- mataræði
- jafnrétti
- mismunandi fjölskyldugerðir /hinsegin fólk
- fordómar /minnihlutahópar /útlendingar, fatlaðir
- umferðarfræðsla
- hjálmanotkun
- tannvernd
- kynfræðsla

### **Tillögur að námsefni**

Verkfærakistan

KVAN verkefnabók frá Vöndu Sigurgeirsdóttur

Í tengslum við landnámið er tilvalið að vinna með Ásatrú.

### **Tillögur að námsefni**

*Óðinn og bræður hans – Heimur verður til, eftir Iðunni Steinsdóttur.*

*Lífið í Ásgarði – Gullnar töflur í grasi, eftir Iðunni Steinsdóttur.*

*Æsir á fljúgandi ferð – Hefnd Loka, eftir Iðunni Steinsdóttur*

## **Náttúrufræði**

### **Hæfniviðmið**

Náttúrufræðikennsla býður upp á fjölbreyttar leiðir til að kynnst hugtakinu sjálfbærni en sjálfbærni er bæði einn af grunnþáttum menntunar og eitt af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Nýsköpun er einnig eitt af Heimsmarkmiðunum en eins og kemur fram hér að neðan fjallar náttúrufræðikennsla um hana.

### **Geta til aðgerða**



- Greint og sagt frá hvernig tækninotkun og sjálfvirkni getur aukið eða dregið úr lífsgæðum íbúa og umhverfi þeirra.
- Greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausnir.

### **Nýsköpun og hagnýting þekkingar**

- Fjallað um hvernig ólík hæfni nýtist í störfum nútímans.

### **Gildi og hlutverk vísinda og tækni**

- Lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum.
- Útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks.

### **Vinnubrögð og færni**

- Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni.
- Útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum.
- Kannað áreiðanleika heimilda með því að nota bækur, Netið og aðrar upplýsingaveitir.
- Hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra.

### **Ábyrgð á umhverfinu**

- Tekið þátt í að að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru.

### **Að búa á jörðinni**

- Lýst veðri í heimabyggð og loftslagi á Íslandi.

### **Lífsskilyrði manna**

- Útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er.

### **Náttúra Íslands**

- Lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi.
- Lýst einkennum plantna og dýra, stöðu þeirra í náttúrunni, tengsl þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt.
- Lýst ólíkum vistkerfum á heimaslóð eða við Ísland.
- Útskýrt hvernig aðlögun lífvera að umhverfinu gerir þær hæfari til að lifa af og fjölga sér.
- Lýst og útskýrt hvernig orka í íslensku umhverfi getur breytt um mynd.

### **Heilbrigði umhverfisins**

- Gert grein fyrir notkun manna á auðlindum.
- Dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs.
- Lýst kröfum sem hafa áhrif á daglegt líf manna.

### **Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu**

- Bent á algeng efni á heimilum og í samfélaginu, notkun þeirra og áhrif á heilsu manna og umhverfi.
- Lýst áhrifum tækni á íslenskar atvinnugreinar.
- Lýst bylgjuhreyfingum og rætt nýtingu hljóðs og ljóss í tækni og atvinnulífi.

- Lýst hvernig rafmagn verður til, eiginleikum segla og notkun þeirra.

### **Markmið**

Við lok 5. bekkjar er mikilvægt að nemandi:

- Kynnist helstu tegundum íslenskra fugla, hverjir þeirra teljast staðfuglar og hverjir farfuglar (hvenær þeir koma og fara).
- Geti kynnt sér ýmsa þjóðtrú tengda farfuglum.
- Læri að þekkja fugla út frá söng þeirra.
- Kynnist helstu grunnhugtökum eðlisfræðinnar.
- Hafi þjálfað rétt vinnubrögð við mælingar og geri sér grein fyrir mikilvægi nákvæmra vinnubragða við gerð tilrauna.
- Kynnist sögu þeirra vísindalegu aðferða sem þeir tileinka sér í náminu.

### **Leiðir**

Lögð er áhersla á fjölbreyttar kennsluáferðir. Þemavinna fellur vel að kennslu í náttúrufræði í 5. bekk sem og samþætting við samfélagsfræði. Kennsla getur einnig verið í formi umræðna, innlagna og tilrauna. Hópvinnu er stór þáttur, en einnig einstaklingsverkefni og verkefnabækur. Auk aðalnámsefnis er leitað upplýsinga á Netinu, myndbönd notuð, kort og uppflettit. Mikilvægt er að nemandur læri að setja sér markmið, meti eigin stöðu og noti áætlanir til að nýta tíma sinn vel. Mikilvægt er að þjálfar nemandur í að tjá hugsanir sínar og skoðanir á munnlegan, skriflegan eða annan hátt. Lausnaleit er stór þáttur verklegra æfinga sem og hópvinnu þar sem kurteisi og samskipahæfni er þjálfuð. Í verklegum æfingum er mikilvægt að þjálfar nemandur í að fylgja fyrirmælum, sýna frumkvæði og vera skapandi við vinnu og lausn verkefna sem og að beita gagnrýninni hugsun á eigin niðurstöður og annarra. Stór hluti námsins felst í að vinna úr ýmsum upplýsingum og miðla þeim til annarra með mismunandi hætti. Mikilvægt er að þjálfar nemandur í að takast á við krefjandi verkefni og að tileinka sér skil á réttum tíma.

Í tengslum við eðlisfræðihlutann er lögð áhersla á að nemandur fái að handleika og gera tilraunir með efni og áhöld sem tengjast viðfangsefnunum (hands on). Sem dæmi má nefna segla, rafhlöður, spegla, linsur o.s.frv.

Í tengslum við líffræðihlutann er samþætting við samfélagsfræði æskileg, en þar eru tekin fyrir neðangreind þemaverkefni sem snúa að heimabyggð.

### **Fuglinn – þemavinna (sögurammi)**

#### **Fuglabjargið - þemavinna**

Nemendur vinna verkefni tengd fuglabjargi.

Nemendur vinna verkefni tengt heimabyggð, sjá skólanámskrá samfélagsgreinar:

### **Námsmat**

Áhersla er lögð á fjölbreytt og einstaklingsmiðað námsmat. Megin tilgangur námsmats er að afla leiðbeinandi upplýsinga um námið og hvernig nemandi gengur að ná settum markmiðum. Mikilvægt er að matið sé byggt á fjölbreyttum aðferðum og feli í sér traustar heimildir um hæfni og leikni nemenda, auk þess að meta framfarir þeirra. Sérstök áhersla lögð á vinnubrögð, hópstarf og sjálfsmat.

### **Tillögur að námsefni**

*Auðvitað 1*

*Ekki er allt sem sýnist – þemahefti*

*Lífríki á landi*

*Fuglaspilið*

Ýmis myndbönd og vefefni (t.d. [www.fuglar.is](http://www.fuglar.is), [www.ni.is/farfuglar](http://www.ni.is/farfuglar), [www.namsgagnastofnun.is/lifsfer](http://www.namsgagnastofnun.is/lifsfer), [www.aquarium.is](http://www.aquarium.is), [www1.nams.is/fuglar/](http://www1.nams.is/fuglar/))

## Erlend tungumál

### Enska

### **Hæfniviðmið**

Hæfniviðmiðin eru sett fram í sjö flokkum (sbr. Aðalnámskrá). Á yngsta stigi eru flokkarnir færri og samofnir hver öðrum í 1. bekk, en þegar ofar dregur fjölgar þeim og þeir eru settir fram í aðskildum flokkum. Þó viðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild (Aðalnámskrá bls. 132).

Við lok 5. bekkjar getur nemandi:

#### **Hlustun**

- skilið það sem fram fer í kennslustofunni á ensku, bæði fyrir mæli og umræður
- skilið í meginatriðum samtöl um efni tengt daglegu lífi
- hlustað eftir einföldum leiðbeiningum og brugðist við með orðum eða athöfnum

#### **Lesskilningur**

- lesið einfaldar smásögur og rætt um efni þeirra með stuðningi kennara
- skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum með stuðningi af t.d. myndum
- fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu

#### **Samskipti**

- spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst
- tekið þátt í samskiptum í kennslustofu bæði við kennara sinn og samnemendur þ.e. kynnt sig, sagt frá fjölskyldu og áhugamálum, heilsað, kvatt og þakkað fyrir sig
- tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf

- bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum
- notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum

### Frásögn

- tjáð sig munnlega um viðfangsefni í náminu á áheyrilegan hátt, t.d. í stuttum frásögnum og endursögnum
- greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv.

### Ritun

- skrifað skipulega og skiljanlega stutta, einfalda texta
- aukið færni sína í réttri stafsetningu orða
- skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst
- samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv..

### Meningarlæsi

- sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku og/eða eigið móðurmál.

### Námshæfni

- Nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu
- tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi
- beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki
- nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar
- beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi frá kennara eftir því sem við á.

### Orðaforði og málfræði

- Áhugamál og tólmstundir, athafnir, klæðnaður og fylgihlutir, húsgögn, tíminn, matur, dagar, mánuðir, árstíðir, andheiti og samheiti
- Nafnorð, greinir, persónufornöfn og algengustu sagnir

### Leiðir

Mikilvægt er að viðhalda áhuga og jákvæðu viðhorfi til tungumálsins með fjölbreyttum kennsluáðferðum, m.a. með því að höfða til áhugasviðs nemenda. Nauðsynlegt er að skapa aðstæður þar sem nemendur geta notað málið á einfaldan hátt. Hlustun og tal er áfram þjálfað með því að notast við leik, söng, tal, rím og þulur. Endurtekningar eru

mikilvægar og að nemendur venjist því að heyra tungumálið notað. Mikilvægt er að nemendur læri að nýta sér fjölmörg tæki upplýsinga- og samskiptatækninnar. Byggt er ofan á grunnorðaforðann, áfram unnið í lesskilningi og ritun og grunnþættir málfræðinnar bætast við.

## Námsmat

Áhersla er lögð á fjölbreytt og einstaklingsmiðað námsmat. Megintilgangur námsmats er að afla leiðbeinandi upplýsinga um námið og hvernig nemandi gengur að ná settum markmiðum. Mikilvægt er að matið sé byggt á fjölbreyttum aðferðum, að það sé heildstætt og að allir þættir námsins séu metnir, má þá ekki undanskilja þann munnlega. Það þarf að fela í sér traustar heimildir um hæfni og leikni nemenda, auk þess að meta framfarir þeirra. Matið byggist jafnt á hæfniviðmiðum, sem eru sett fram í byrjun hverrar annar þannig að nemendum ætti að vera fullljóst að hverju beri að stefna sem, og lykilhæfnipáttunum.

## Tillögur að námsefni

Build up 1

Ready for action

Portfolio topic books: A world of records, A year of fun og verkefnahefti

Ensk léttlestrarbók (samlestur) t.d.

- Little Princess

Ýmis verkefni frá kennara

Ýmis öpp sem tengjast námsefni

-Play with English

-Fun English

## List- og verkgreinar

### Tónmennt

## Markmið

Þau markmið sem mest áhersla er lögð á í 5. bekk eru að nemendur:

- þjálfist í söng, raddbeitingu og tónheyrn
- þjálfist í hryn og hreyfifærni
- þjálfist í að skynja hljóðheiminn
- þjálfist í að skapa einföld tónverk, skrá þau og túlka
- kynnist og læri að meta tónlist frá mismunandi tímabilum tónlistarsögunnar
- fræðist um tónlist og auki þekkingu sína á ýmsum fyrirbærum tónlistar.

## Leiðir

### Söngur og raddbeiting

Nemendur syngja ýmis lög og læra með því að beita röddinni á sem eðlilegastan hátt

og víkka raddsvið sitt. Lögð er áhersla á hreinan og þjálán söng. Sungin eru lög og textar sem tengjast Hornafirði og Austur-Skaftafellssýslu auk ýmissa annarra sönglaga sem tengjast árstíðum og viðburðum.

### **Hryn og hreyfifærni**

Nemendur æfa lengdargildi nótna (fjórðapartsnótur, áttundapartsnótur, sextánda-partsnótur, hálfnótur og heilnótur og punkteraðar fjórðapartsnótur, áttundapartsnótur og hálfnótur) og hrynmynstur (tim-rí, tamm-tí, ta-a-a og ta-a-a-a auk ta, tí-tí, ti-ri-tiri, ta-a, tí-ti-ri og ti-ri-tí) með klappi, stappi, hljóðfæraleik og hreyfingu. Laghrynur sönglaga er klappaður og leikinn á hljóðfæri. Unnið er með tvískiptan, þrískiptan og fjórskiptan takt.

### **Hljóðheimur**

Nemendur skerpa heyrn og athygli með því að skynja hljóðheiminn og greini ólíkan stíl tónskálda frá ýmsum tímabilum tónlistarsögunnar. Unnið með tóntegundir (dúr / moll).

### **Hlustun og kynning**

Hljóðfærin trompet, horn, túba og pákur kynnt. Nemendur læra að þekkja hljóðblæ og útlit þeirra og gera sér grein fyrir þeim möguleikum sem hvert þeirra býr yfir.

Tónskáldin Johann Sebastian Bach, Antonio Vivaldi, Wolfgang Amadeus Mozart og Ludwig van Beethoven kynnt og hlustað á tónlist þeirra.

### **Tákn og ritun**

Nemendur læra að skrá hryndæmi með táknum og skrifa nótur á nótnastreng í G-lykli. Þeir læra föstu nótnaheitin í G-lykli og tónaröðina cdefgahc og þekkja nöfn nótnanna á hljómborði.

### **Námsmat**

Virkni, vinnusemi og hegðun nemenda metin með símati og lykilhæfni skv. Aðalnámskrá höfð að leiðarljósi.

### **Námsgögn**

Fjölfaldað hefti

Hlustunarefni af ýmsu tagi

Ýmis tónlistar-öpp sem þjálfa takt, hlustun og sköpun.

### **Heimilisfræði**

#### **Hæfniviðmið**

Hæfniviðmið skv. Aðalnámskrá í heimilisfræði í kafla 21.10 segir „Heimilisfræði fjallar um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir.“ Grunnskóli Hornafjarðar er heilsueflandi skóli og starfar undir merkjum Grænánans. Í Heimilisfræðikennslu grunnskólans er tekið mið af þessum stefnum og nemendum kennt að matreiða mat sem er hefur góð áhrif á heilsuna. Markmiðið er að nemendur

læri grunnfærni í næringarfræði s.s. þekki fæðuhringinn, næringarefni og hlutverk þeirra í líkamanum, geti notað næringarefnatöflur og forrit og geti sett saman máltíðir skv. ráðleggingum Lýðheilsustöðvar.

Í heimilisfræði læra nemendur um sjálfbærni sem er eitt af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og einn af grunnþáttum menntunar.

Hæfniviðmið í heimilisfræði skiptast í fjóra flokka og koma til viðbótar sameiginlegum hæfniviðmiðum list- og verkgreina.

### **Matur og lífshættir**

- fái fyrstu kynni af hugtökum í næringarfræði
- þekki áhrif hollrar fæðu á heilsuna
- átti sig á mikilvægi hreinlætis á öllum sviðum
- geri sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald

### **Matur og vinnubrögð**

- þekki algeng eldhúsáhöld og tæki og viti hvernig á að nota þau
- geti farið eftir myndrænum og einföldum skriflegum uppskriftum
- geri sér grein fyrir slysaþættum á heimilinu og kunni að varast þær

### **Matur og umhverfi**

- kynnist helstu hugmyndum um hvernig við getum verndað umhverfið
- geti skili einfaldar umbúðamerkingar

### **Matur og menning**

- geti lagt snyrtilega á borð
- kynnist helstu matarhefðum Íslendinga við mismunandi hátíðir

### **Leiðir**

Kennslan fer fram í formi innlagna, með umræðum, sýnikennslu og verklegum æfingum. Nemendur æfa sig í samvinnu, sjálfstæðum vinnubrögðum og frágangi. Nemendur munu nýta sér spjaldtölvur við vinnu sína í heimilisfræði.

### **Námsmat**

Virkni og vinnusemi nemenda við bóklegar og verklegar æfingar metin með símati. Við gerð á námsmati verður lykilhæfni höfð að leiðarljósi.

### **Tillögur að námsefni**

Gott og gagnlegt 1 og verkefnabók

Uppskriftir úr ýmsum áttum

## Hönnun og smíði

### Hæfniviðmið

Yfirmarkmið í hönnun og smíði koma fram í Aðalnámskrá grunnskóla í kafla 21.11. Sameiginlegt hæfnimarkmið í list og verkgreinum er menningarläsi. Til viðbótar í hönnun og smíði eru handverk, hönnun og svo tækni og umhverfi. Þau markmið sem mest áhersla er lögð á í 5. bekk eru að nemendur geti:

- Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki
- Útskýrt hugmyndir sýnar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu
- Lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð
- Valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum
- Útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað

Í hönnun og smíði fléttast saman sköpun, læsi og sjálfbærni á áþreifanlegan hátt sem hjálpar nemandanum að skilja merkingu hugtakanna

### Leiðir

Kennsluáferðir eru fjölbreyttar t.d. innlagnir, sýnikennsla, einstaklingsvinna, hópvinna og verklegar æfingar.

### Námsmat

Námsmat fer fram alla veturinn í formi leiðsagnarmats þar sem nemandinn fær stöðuga endurgjöf um nám sitt ásamt ábendingum um það hvernig nemandinn geti bætt sig. Lykilhæfnin er höfð til hliðsjónar í matinu.

Einnig er lögð áhersla á sjálfsmati nemenda þar sem hugað er að þeim þáttum eins og sjálfstæði, vinnusemi, vönduð vinnubrögð, frumkvæði og samskipti

### Tillögur að verkefnum

- Bókastandur
- Krítartafla

## Textílmennt

### Hæfniviðmið

Sameiginlegt hæfnimarkmið í list og verkgreinum er menningarläsi. Til viðbótar í textílmennt eru eftirfarandi: handverk, áferðir og tækni; sköpun, hönnun og útfærsla; menning og umhverfi.

Þau markmið sem áhersla er lögð á í 5. bekk eru að nemendur geti:

- Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði
- Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum
- Fjallað um íslenskt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni



- Gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum
- Beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar
- Notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingu textíla

### **Tillögur að verkefnum**

Tröll sem eru bæði blaut og þurrþæft út íslenskri ull, heklað eða prjónað smástykki sem unnið er með, fleecéhúfur, fjölnota innkaupapoki.

### **Leiðir**

Beytt er fjölbreyttum kennsluáðferðum s.s. samvinna, einstaklingvinna, sýnikennsla og sjálfstæð vinnubrögð nemenda.

### **Námsmat**

Símat er notað við umsögn nemandans, þar sem lykilhæfnin er höfð til hliðsjónar. Við mat í textíl er allt ferlið skoðað en ekki eingöngu lokastykkið.

## **Sjónlistir- Myndmennt**

Í Grunnskóla Hornafjarðar er áhersla á list og verkgreinar. Megintilgangur með því námi er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuáðferðum þar sem reynir á verkkunnáttu, sköpunarkraft, samhæfingu hugar, hjarta og handar og margar ólíkar tjáningarleiðir.

Jafnvægi á milli bóklegra greina og verklegra gefur nemendum jafnari tækifæri á að finna hæfileikum sínum farveg.

Í myndmennt gefst kennara tækifæri til að samtvinna myndmenntakennsluna með öðrum kennslugreinum. T.d. er gott að æfa heiti litanna á öðrum tungumálum en íslensku, nota stærðfræðihugtök við myndgerð, hálf, heilt, hluta... Auðvelt er að nota bókmenntatexta og ljóð til að kynna nemendum með það verkefni að þau myndskreyti eða túlki textann.

Öll markmið sem unnið er með í bekkjarnámskrá koma fram í kafla 21.2 og 21.6 í *Aðalnámskrá Grunnskóla* sem aðgengileg er inn á vef Mennta- og menningarmála-ráðuneytisins.

### **Hæfniviðmið**

Þau markmið sem mest áhersla er lögð á í 5. bekk er að nemandi geti:

- Gert grein fyrir menningarlegu hlutverki list- og verkgreina.
- Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.
- Nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun.
- Beitt hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.
- Fjallað um eigin verk og annarra.

## Leiðir

Unnið er með margvíslegar kennsluaðferðir. Munnleg innlögð verkefna. Sýnikennsla. Einstaklingskennsla. Umræður. Áhersla er lögð á sjálfstæði og sköpun nemenda. Þau hvött til að prófa sig áfram og vinna á lausnarmiðaðan hátt. Gott er að fá útrás fyrir ímyndunaraflið í myndmennt og skapa eitthvað nýtt og forvitnilegt.

## Námsmat

Áhersla er lögð á fjölbreytt og einstaklingsmiðað námsmat sem fer fram með símati. Lykilhæfni er höfð til hliðsjónar matinu. Þættir sem meðal annars er horft til eru vandvirkni, sjálfstæði, iðni og sköpun. Eins eru verkefni sjálf metin og umgengni.

## Tillögur að námsefni/verkefnum

Fjallað er um tengsl listar og handverks og hönnunnar. Unnið með náttúruna, hálendið og gróður landsins. Listasaga er rædd, bæði evrópsk og íslenskir listamenn. Kolateikning, uppstilling, sjónarhorn, módelteikning.

Handverk víkinga.

Hálendi Íslands, gróðurfar og hálendis gróður. Námsferð í Suðursveit getur tengst inn í þennan þátt.

Klippimyndir, pop art.

Hönnun. Spurningaspil.

Leir. Hnéskál.

Litafræði: 12 lita hringur.

Íslenskir listamenn.

## Upplýsinga- og tæknimennt

### Nýsköðun og tölvur

Námssviðið upplýsinga- og tæknimennt felur í sér; miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Hugtakið upplýsinga- og miðlalæsi má skilgreina, sem getuna til að greina hvaða upplýsinga er þörf, leita að þeim, leggja á þær gagnrýnið mat, og auka þannig þekkingu sína og nýta með ýmsum miðlum til að ná tilteknu markmiði.

Megintilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt er að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi. Tæknifærni felur m.a. í sér getu til að nýta ýmis tæki, tæknibúnað og fjölbreyttar úrvinnsluleiðir, tæknilæsi að nýta tækjabúnað til að afla sér þekkingar og miðla henni, upplýsingalæsi felur í sér hæfni í að afla, flokka og vinna úr upplýsingum á gagnrýninn og skapandi hátt og miðlalæsi felur í sér hæfni til að greina, ná í, meta og búa til miðlaskilaboð. Nemandi þarf að þekkja helstu leiðir að öruggum netsamskiptum og standa vörð um gott siðferði í öllu námi.

Í upplýsinga- og tæknimennt er unnið með grunnþátt menntunar, Sköpun. Upplýsinga- og tæknimennt fellur einnig undir níunda Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, Nýsköpun og uppbygging.

Lögð er áhersla á að nýta fjölbreytt gögn, s.s. bækur, búnað, tölvur og margvíslegan hugbúnað til þekkingaröflunar, sköpunar og miðlunar.

## Hæfniviðmið

Þau markmið sem mest áhersla er lögð á í 5. bekk er að nemandi geti:

- Vinnulag og vinnubrögð
  - Nýtt upplýsingaver sér til gagns bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum.
  - Nýtt sér mismunandi tæknibúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt.
  - Nýtt rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám.
  - Beitt réttri fingrasetningu.
  - Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum.
- Upplýsingaöflun og úrvinnsla
  - Nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélur við markvissa öflun upplýsinga við hæfi.
  - Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt.
  - Nýtt hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmíða.
  - Verið gagnrýninn á gæði ýmissa upplýsinga.
- Tækni og búnaður
  - Nýtt hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölulegra gagna.
  - Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð- og tónvinnslu.
- Sköpun og miðlun
  - Nýtt hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt.
- Siðferði og öryggismál
  - Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og við heimildavinnu.
  - Farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Neti- og netmiðlum.

## Leiðir

Unnið er með margvíslegar kennsluáðferðir. Í grunninn eiga nemendur að kynnst þeim tölum, öppum og verkfærum sem skólinn leggur áherslu á og notar til að nálgast markmiðin. Þarna er átt við lausnir eins og Google heimurinn býður uppá og notendaviðmótið sem opnast með því að nemendur fá aðgang að skýjalausnum gegnum [xxnotendanafn@skolapostur.is](mailto:xxnotendanafn@skolapostur.is). Í gegnum margvísleg verkefni öðlast

nemendur færni í að nýta sér þennan notendaheim. Einnig bjóða I-pad og I-mac tölvur upp á margvíslega möguleika til sköpunar í margskonar verkefnum. Nemendur öðlast færni í notkun margvíslegra forrita og finna leiðir til að samnýta mismunandi öpp við úrlausnir verkefna.

## Námsmat

Áhersla er lögð á fjölbreytt og einstaklingsmiðað námsmat sem fer fram með símati. Lykilhæfni er höfð til hliðsjónar matinu. Þættir sem meðal annars er horft til eru þrautsegja, sjálfstæði, iðni og sköpun. Eins eru verkefni sjálf metin og samvinna.

### Tillögur að námsefni/verkefnum

- Margvísleg ritunarverkefni í google doc
- Sjálfsmynd í google drawings
- Kynning á ákveðnu viðfangsefni í google slides
- Forritun í gegnum keynote
- Forritun í gegnum google slides
- Forritunaröpp - Codespark, Code.org, Move the box ofl.
- Green screen verkefni
- Legó kassar með leiðbeiningum
- Fab Lab

## Skólaíþróttir og sund

### Íþróttir

#### Hæfniviðmið

Hæfniviðmiðin í skólaíþróttum eru fjögur, þessir þættir eru:

- Líkamsvitund, leikni og afkastageta
- Félagslegir þættir
- Heilsa og efling þekkingar
- Öryggis og skipulagsreglur

Hér að neðan eru svo markmiðin sem fylla þessa fjóra flokka.

Þau markmið sem megin áhersla er lögð á í 5. bekk eru að nemendur:

- þjálfist í samhæfingu einfaldra hreyfinga og geti tengt þær saman í eina heild.
- taki þátt í fjölbreyttum leikjum og æfingum sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og tengingu við aðra þroskaþætti.
- nái valdi á undirstöðuatriðum ólíkra íþróttagreina.
- taki þátt í æfingum sem bæta líkamshreysti og þrek, auka þol, liðleika, styrkja hjarta og æðakerfið og leiða til betri heilsu.
- taki þátt í æfingum og leikjum þar sem þeir læri að vinna með öðrum.
- tileinki sér háttvísi í leik og starfi og læri að taka sigri jafnt sem ósigri.

## Leiðir

Kennsla fer fram í íþróttasal, Bárinni og úti á íþróttavelli. Leitast er við að ná til allra með einum eða öðrum hætti með markvissum og fjölbreyttum æfingum og leikjum. Stuðlað er að leikgleði og samvinnu. Lögð er áhersla á að nemandi kunni fjölbreytta leiki og hafi kynnst mismunandi íþróttagreinum ásamt því að kynnast heitum á áhöldum og hugtökum sem tengjast íþróttum.

## Námsmat

Námsmat fer fram með símati þar sem lykilhæfni er höfð til hliðsjónar. Áhersla er lögð á fjölbreytt og einstaklingsmiðað námsmat þar sem eftirfarandi atriði eru höfð til hliðsjónar við einkunnargjöf:

- hvernig tekur nemandi tilsögn kennara,
- hvernig er ástundun,
- virgni og vinnusemi nemandans,
- hvernig tekst nemandi að vinna með reglur og samskipti við aðra.

Við námsmat gildir hegðun, ástundun og virgni.

## Tillögur að námsefni

Æfingar og leikir með ýmsum áhöldum, helstu íþróttagreinir og Glíma - þjóðaríþrótt Íslendinga.

## Sund

### Hæfniviðmið

Nemendur í 5. bekk fá eina kennslustund í viku yfir veturinn.

Hæfniviðmiðin í skólaíþróttum eru fjögur, þessir þættir eru:

- Líkamsvitund, leikni og afkastageta
- Félagslegir þættir
- Heilsa og efling þekkingar
- Öryggis og skipulagsreglur

Hér að neðan eru svo markmiðin sem fylla þessa fjóra flokka.

Þau markmið sem megin áhersla er lögð á í 5. bekk eru að nemendur:

- taki þátt í fjölbreyttum undirbúningsæfingum sem leggja grunn að bringusundi, skólabaksundi, skriðsundi, baksundi og flugsundi.
- taki þátt í ólíkum sundleikjum sem krefjast hlustunar, takts, samhæfingar og samvinnu.
- nái tókum á eftirfarandi atriðum sem reyna á öndun og takt arma og fóta s.s. 75m bringusundi, 25 m skólabaksundi, 25 m skriðsundi með sundfitum og 12 m baksundi. Einnig fótatökum í flugsundi, marvaða og köfun eftir hlut.
- læri að stinga sér af bakka.
- þjálfist í útfærslu samsettra hreyfinga með fjölbreyttum áhöldum.

## **Leiðir**

Sundkennsla fer fram í sundlaug Hafnar.

Kennsla fer þannig fram að kennari miðlar þekkingu með undirstöðuatriðum hvernar sundaðferðar þ.e.a.s. sýna, æfa, leiðbeina og endurtaka.

## **Námsmat**

Námsmat fer fram með símati þar sem lykilhæfni er höfð til hliðsjónar. Áhersla er lögð á fjölbreytt og einstaklingsmiðað námsmat þar sem eftirfarandi atriði eru höfð til hliðsjónar við einkunnargjöf:

- hvernig tekur nemandi tilsögn kennara,
  - hvernig er ástundun,
  - virgni og vinnusemi nemandans,
  - hvernig tekst nemanda að vinna með reglur og samskipti við aðra.
- Framfarir og þrautseigja.

## **Tillögur að námsefni**

Æfingar og leikir með ýmsum áhöldum. Skólasund (kennarahandbók), námsgagnamappa í skólasundi fyrir 1.-10. bekk. Sundleikir, handbók fyrir kennara